

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað, nr. 1543/2022.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Við umsókn um lóð skal greiða umsóknargjald, kr. 200.000 fyrir hverja lóð sem sótt er um. Bæjarráði er heimilt að ákveða að ekki skuli greitt umsóknargjald eða að lægra umsóknargjald skuli greitt þegar nýtt svæði eða lóð er auglýst í fyrsta skipti til úthlutunar. Gjald þetta gengur upp í álagt gatnagerðargjald fái umsækjandi lóð úthlutað. Sé lóð ekki úthlutað til umsækjanda skal umsóknargjaldið endurgreitt að frádregnu umsýslugjaldi vegna lóðarúthlutunar (1/4 af umsóknargjaldi) sbr. þjónustugjaldskrá, innan tveggja vikna frá því að umsókn var hafnað.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað var samþykkt í bæjarráði, í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, 15. júní 2023.

Auglýsingin, sem er sett skv. lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, öðlast þegar gildi.

Akranesi, 19. júlí 2023.

Haraldur Bendiktsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. ágúst 2023